



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

9. árgangur 04. tbl.

Apríl 2012

Umhverfisverðlaun Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2011.

Umhverfisnefnd hefur ákveðið að veita félagsskapnum
Vinir Skaftholtsréttar umhverfisverðlaun fyrir árið 2011.

Verðlaunin verða veitt formlega á sumardaginn fyrsta.

Vinir Skaftholtsréttar eru vel að verðlaununum komnir eftir ötult starf
við uppbyggingu Skaftholtsréttar eftir jarðskjálftann 2000.

Með framtaki þessa félagsskapar var menningarverðmætum sýndur
sómi og umgjörð og frágangur til fyrirmyndar.

Afhending verðlauna fer fram eins og áður sagði
19. apríl í Árnesi kl. 11:00.

Með góðri kveðju.

Umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.



Skafttholtsréttir

Gleðilegt sumar!



Sumarstörf við Neslaug og Skeiðalaug!

Starfsfólk vantar til starfa í sumar
við sundlaugar sveitafélagsins.
Um er að ræða hlutastörf um helgar
en einnig aðra daga.

Upplýsingar veitir Eypór í síma **897-1112**

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



**Næsta fréttabréf kemur út 15. maí. 2012.
Skilafrestur efnis 10. maí. 2012.**



Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri

Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps
er mánudaga-fimmtudaga kl. 9—12 og 13—15.

Sími á skrifstofu: 486-6014 - Fax 486-6091

Sími í Áhaldahúsi 486 6118 og þar starfa þeir

**Ari Einarsson 893-4426 og Jóhannes Eggertsson sem
hóf störf 1. apríl s.l. Netföng þeirra eru:**


ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Að gefnu tilefni!

Þau föt sem gefin eru til Rauða Krossins og sett eru í gámana hér á
gámasvæðunum þarf að setja í **góða plastpoka og binda vel fyrir.**

Þá haldast þau óskemmd þar til gámurinn er losaður.

Með góðri kveðju. **Ari og Jói í Áhaldahúsinu.**



Fundarboð

Aðalfundur BJSV. Sigurgeirs
verður haldinn í húsi sveitarinnar
mánudaginn 23. apríl klukkan 20:30



Dagskrá:

- ◆ Lesin fundargerð síðasta aðalfundar
- ◆ Skýrsla stjórnar
- ◆ Skýrsla gjaldkera
- ◆ Inntaka nýrra félaga
- ◆ Kosningar
- ◆ Önnur mál

**Félagar eru hvattir til að fjölmenna
Stjórnin.**

Söngur, spil og sögur í Árnesi!

Gylfi Ægis spilar og segir skemmtisögur
laugardaginn 5. maí í Árnesi.

Húsið opnar klukkan 21:00 og tónleikar
hefst klukkan 22:00.

Aðgangseyrir 1.500krónur.

Happdrætti í hléi, aðeins dregið úr seldum miðum.

Vinningur er utanlandsferð að andvirði 40 þúsund kr.

Bar opinn fyrir og eftir tónleika. Kveðja nefndin.



**Vantar svo ömmu, dagmömmu eða barnapíu að
passa 9 mánaða stúlku. Þær sem hafa áhuga og
geta gert þetta, hafið samband við
Gyðu í síma 661-3486.**

(Vinn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.)



Fjölþjóðakvöldvöku í Árnesi frestað!

Firmakeppni körfuknattleiksdeildar UMFH



Firmakeppnin var haldin 9. apríl sl. í íþróttahúsinu á Flúðum. Er hún orðin árlegur viðburður hjá deildinni. Firmakeppnin hefur venjulega verið í kringum áramót en nú var ákveðið að breyta til og prófa að halda hana um páskana. Mæting var ágæt og góður andi hjá keppnisliðunum. 25 fyrirtæki og einstaklingar styrktu keppnina að þessu sinni og keppendur voru 60-70 talsins.

Fyrir hádegi kepptu lið í minnibolta telpna og drengja. Eftir drengilega keppni stóðu Geimverurnar frá Mars uppi sem sigurvegarar í telpnaflokki og kepptu þær fyrir hönd Árna ehf. Liðsmenn Geimvera voru Birgit Ósk Snorradóttir, Sunneva Sól Árnadóttir, Katja Marie Helgadóttir og Edda Guðrún Arnórsdóttir. Í drengjaflokki vann lið Susha, skipað þeim Filip Jan Jozefik, Orra Ellertssyni, Hannibal Óskarssyni, Nóa Mar Jónssyni og Vitaliy Krayduba. Kepptu þeir fyrir Nesey.

Eftir hádegi var keppt í unglinga- og fullorðinsflokkum. Eftir spennandi keppni stóð lið Mömmu uppi sem sigurvegari í kvennaflokki en það lið var skipað þeim Kristínu Helgadóttur, Þórdísi Jónu Kristjánsdóttur, Ragnheiði Björk Einarsdóttur og Ninnu Ýr Sigurðardóttur. Þær kepptu fyrir hönd Leikskólans Undralands. Í karlaflokki vann Blakliðið sem keppti fyrir Kaffi Sel. Blakliðið var skipað þeim Árna Þór Hilmarssyni, Birni Hr. Bjarnarsyni, Jóni G. Valgeirssyni, Þórmundi Smára Hilmarssyni og Ársæli Einari Ársælssyni.

Við þökkum öllum þeim sem styrktu keppnina í ár fyrir veittan stuðning en þeir voru : Flúðaverktakar, Auðsholtsbúið, Bryðjuholtsbullurnar, Ferðapjónustan Syðra-Langholti, Flúðafiskur, Garðyrkjustöðin Melar, Garðyrkjustöðin Reykjaflöt, Gröfutækni, Grafarhestar, Flúðaskóli, Leikskólinn Undraland, Félagsheimili

Hrunamanna, Hrossaræktarbúið Blesastöðum, Sundlaugin Flúðum, Íþróttahúsið Flúðum, Þrándarholt sf, Hitaveita Flúða, Vatnsveita Flúða, Landstólpi, Áhaldahúsið Flúðum, Árni ehf., Veitandi, Nesey ehf, Flúðaleið og Kaffi Sel.



Kær kveðja.

Kolbrún Haraldsdóttir.

Vortónleikar Karlaðórs Selfoss!

Senn líður að vortónleikum Karlaðórs Selfoss, en samkvæmt venju verða fyrstu tónleikarnir að kvöldi sumardagsins fyrsta, 19. apríl í Selfosskirkju. Síðan syngur kórinn aftur í Selfosskirkju 24. apríl, í Fella- og Hólakirkju í Reykjavík 26. apríl og lokatónleikarnir verða að Flúðum laugardagskvöldið 28. apríl. Loftur Erlingsson stjórnar kórnum eins og undanfarin 12 ár og píanóleikari er Jón Bjarnason organisti í Skálholti.

Á söngskrá kórsins eru mörg og skemmtileg verk, en segja má í gamni að efnisskráin endurspegli helstu áhugamál kórfélaga, konur og vín. Mörg laganna eru sérstaklega útsett fyrir kórinn og má þar nefna lagið **Frostrósir**, eftir

Frey móð Jóhannesson sem Þórir Baldursson útsetti og hið þekktu lag um **Lili Marleen**, sem Bjarni Þ. Jónatansson útsetti en Ólafur Stefánsson gerði fallegan íslenskan texta. Söngurinn um Lili Marleen er einhver þekktasta ástarsaga fyrr og síðar, samin á árum fyrra heimsstríðsins, en náði svo gífurlegum vinsældum í seinni heimsstyrjöldinni.

Önnur lög sem nefna má af söngskrá vortónleikanna eru **Fram í heiðanna ró**, **Ástarvísur hestamannsins**, **Ég fann þig**, þar sem Loftur Erlingsson syngur einsöng, **Í kránni**, þar sem Hjörtur Benediktsson syngur einsöng, **Ætti ég hörpu**, þar sem Hermann Örn Kristjánsson syngur einsöng og svo syngja þeir Hjörtur og Hermann saman dúett í lagiinu **Stúlkan mín** eftir Björgvin Þ. Valdimarsson. Alls eru 22 lög á söngskrá kórsins.

Útbreiðslunefnd

Öll bætiæfni
fyrir kýr, hesta
og kindur

Verslunin Árborg

Sími 486 6006



LÍFLAND
www.lifland.is

Laugarvatn Fontana

Opið daglega frá 14:00 til 21:00.

Kaffiterían býður upp á léttar og fjölbreyttar veitingar; súpu og reyktan silung úr Laugarvatni. Síminn hjá okkur er **486 1400.**



Frá veiðifélagi Þjósár

Fjölmennur aðalfundur veiðifélags Þjósár samþykkti eftirfarandi ályktun einróma.

Ályktun aðalfundar Veiðifélags Þjósár, sem haldinn að Laugarlandi í Holtum 3. apríl 2012.


Aðalfundur Veiðifélags Þjósár fagnar framkomnum breytingum á rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda að því er varðar Þjósá. Þrátt fyrir rannsóknir á lífríki Þjósár frá árinu 2001, er Landsvirkjun fékk Veiðimálastofnun til samstarfs við undirbúning virkjana í Þjósá, hafa vísindamenn ekki vitneskju um stofnstærð sjógöngusilungs eða lax í ánni.

Vegna villandi umræðu um rannsóknir á lífríki Þjósár skorar fundurinn á Veiðimálastofnun að sjá til þess að gerð verði stofnstærðarmæling á sjógöngufiski í ánni. Það er mat aðalfundar Veiðifélags Þjósár að stofnstærðarmæling eigi að vera fyrsta skref ef rannsaka á lífríki árinna frekar.

Aðalfundurinn telur að stofnstærðarmæling sé grundvallaratriði. Vitneskja um stærðir fiskstofna í ánni þurfa að liggja fyrir áður en mögulegt er að áætla á hvern hátt eigi að vernda lífríki árinna komi til mannvirkjagerðar í og við ána. Fyrir en stofnstærðir liggja fyrir er hvorki hægt að segja til um fæðu- og búsvæðapörf né hve umfangsmiklar mótvægisáðgerðir þarf að ráðast í.

Ógerlegt er að meta tjón á óþekktri stærð fiskstofna.

Oddur Guðni Bjarnason.





Vörðukórinn



„með sól og vor um vanga“

Tónleikar í Skálholtskirkju
föstudaginn 20. apríl kl. 20:30.

Vorið og vorkoman er að þessu sinni
viðfangsefni Vörðukórsins.

Fjölbreytt tónlist, íslensk, sunnlensk,
Mozart, Bach, Schubert o.fl.

Einsöngur: Þóra Gylfadóttir

Flautuleikur: Kolbrún Berglind Grétarsdóttir,
Jóhanna Høeg Sigurðardóttir

Orgel: Jón Bjarnason

Stjórnandi: Eyrún Jónasdóttir

Miðaverð kr. 2500.

Fögnum vorinu með ljúfum tónum að hætti Vörðukórsins.



Afréttakort milli Þjórsár og Hvítár!

Eigum ennþá endurútgefna kortið, af afréttum Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna og er það til sölu á skrifstofunni í Árnesi og kostar **kr. 500.–** Gott í vasann og eykur öryggi okkar, hvort sem er að vetri eða sumri, á fjöllum!

Frá útivistarnefnd Kvenfélags Gnúpverja.

Hittumst á mánudögum við Árnes kl. 17.00 og göngum í c.a eina klukkustund, það eru allir velkomnir.

Ganga er ódýrasta líkamsræktin.

Bestu kveðjur. Dúdda og Hrafnhildur



MENN OG MÁLEFNI!



Hulda Margrét Þorlákssdóttir og Davíð Örn Ingvason
Brjánsstöðum 2, eignuðust dreng þann 4. apríl sl. Kappinn litli
vó 3270 gr. og 51 cm. Hann var skírður Kristófer Hrafn en systkini hans eru
þau Silvía Anna, sem er í framhaldskóla, Dána Ösp og Davíð Mar en þau eru
bæði í Þjórsárskóla.

Við óskum fjölskyldunni innilega til hamingju með litla drenginn.

FIRMAKEPPNI 2012

Verður haldin á Flúðum **1 maí** að venju og hefst
stundvíslega kl. 14.00



Keppt verður í eftirfarandi flokkum :

- ♦ Pollaflokkur (9 ára og yngri)
- ♦ Barnaflokkur (10-13 ára)
- ♦ Unglingaflokkur (14-17 ára)
- ♦ Ungmennaflokkur (18-21 árs)
- ♦ Kvennaflokkur
- ♦ Karlaflokkur
- ♦ Heldri manna og kvennaflokkur
- ♦ 150 m skeið

Skráning verður á staðnum og lýkur henni kl. 13.50

*Hvetjum alla til að mæta og gera sér glaðan dag á einum stærsta
viðburði félagsins, hvort sem er riðandi, gangandi eða ak-
andi.*



**Vonumst til að sjá sem flesta
Stjórnin**

**Fyrirhugaður fyrirlestur um uppeldi og heilsu kvöldið
18. apríl hefur verið aflýst vegna dræmrar þátttöku.**

Biðjumst við velvirðingum á þessu.

Foreldrafélagið Leiksteinn

Tónleikar Söngsveitarinnar Fílharmóníu

verða haldnir í Skálholtsdómkirkju,
Laugardaginn 21. apríl kl 16:00

Aldarminning dr. Róberts Abrahams Ottóssonar

Efnisskrá:

Lög og raddsetningar Róberts A. Ottóssonar

Náttsöngur eftir Hildigunni Rúnarsdóttur

Einsöngvari: Hallveig Rúnarsdóttir

Organisti: Steingrímur Þórhallsson

Stjórnandi: Magnús Ragnarsson

www.filharmonia.is



Frá umhverfisnefnd!

Tveir fulltrúar frá sveitarfélaginu eru nú á ferð um sveitina að heimsækja alla íbúa sem nýta sér brúna tunnuna. Markmiðið með þessum heimsóknum er að fá fólk til að farga lífræna sorpinu heima á landareign sinni, en á þann hátt sem þeim hentar, án þess að stíga skrefið aftur til baka og henda því í gráu tunnuna.

Án undantekninga hefur viðhorf þeirra sem við heimsækjum verið gott og allir tilbúnir að finna sína hentugu leið.

Að gefnu tilefni viljum við benda íbúum á að flokkaða sorpið frá okkur hér í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, t.d. plast er **ekki** brennt eins og heyrst hefur í fréttum. Fyrirtækið sem við erum í viðskiptum við, Íslenska gámafélagið selur sitt flokkaða sorp til Svíþjóðar, öllum til hagsbóta.

Með bestu kveðjum.
Vilborg og Harpa Dís.





Komiði nú öll blessuð og sæl.

Hér koma nokkrir fréttapunkturar frá Stórholti, eldri deild leikskólans Leikholts. Í Stórholti eru 23 börn á aldrinum tveggja ára til 6 ára og er þeim skipt niður í 3 hópa og heita þeir, Fiðrildahópur (börn fædd 2006-2007), Hundahópur (börn fædd 2008) og Gíraffahópur (börn fædd 2009). Þegar við mætum á morgnana byrjum við á því að fara í val. Þá skoðum við það sem er í boði á valtoflunni og veljum okkur það sem heillar okkur mest þennan morgun. Á valtoflunni sjáum við myndir af því leikefni sem er í boði og hversu margir mega vera á hverri stöð. Við erum orðin ansi flínk í að telja og þegar stöðin er orðin full setjum við STOPP merki á.



Tveir spekingar. Valgeir Örn og Guðmundur Johan að spjalla saman.

saman niðri í fína matsalnum okkar. Að honum loknum förum við svo upp í hvíld. Hvíldin er mjög mikilvæg stund hjá okkur því að þar náum við að hvíla okkur í smá stund og safna kröftum áður en við förum út að leika. Þar fáum við að heyra hinar ýmsu sögur og ævintýri í allskonar útgáfum, leiknar, lesnar og sagðar.

Hópastarfið tekur svo við klukkan 10. Í hópastarfi gerum við margt sniðugt, við förum í myndlist, tónlist, leikfimi, vísindastarf, málörvun, útivist, könnunarleik og svo ýmislegt annað. Á eftir hópastarfi kemur svo söngstund þar sem við syngjum hin ýmsu lög og notum þá líka Tákn með tali. Við erum orðin rosalega dugleg að nota táknin og kunnum orðið flest þau tákn sem við þurfum að nota. Á meðan söngstundin er, fara tveir þjónar ásamt starfsmanni niður í matsal og leggja á borð. Þjónarnir hafa svo það hlutverk að fara upp í söngstundirnar tvær og segja okkur hinum hvað er í matinn með táknunum og tali.

Ljúffenga hádegismatinn, sem hún Stína eldar handa okkur, snæðum við svo öll



Söldis Dúna, Þórkátla og Hildur Kristín í skemmtilegum leik.

Í útivistinni er ýmislegt brallað. Við mokum, hjólum, gröfum, siglum, hlaupum, drullu-möllum, rólum, eldum mat, bókum og sprellum. Skemmtilegt er líka að skella sér í göngutúra í nágrenni leikskólans. Þar hittum við býsnarinnar ósköp af fyrirbærum eins og ísbirni, tröll, risaeðlur, ljón og úlfa. En við erum ekkert hrædd við þessi dýr af því að þau eru nú einu sinni bara í þykjustunni :) Þegar inn er komið tekur svo við síðdegis-hressing, frjáls leikur og heimferð. Og þá er okkar skemmtilega degi lokið ☺



Vinir í vanda. Arnór Ingi, Anton Óskar og Vésteinn.



Fiðrildahópur á þýskum degi.



Anton Óskar og Saga María í stærðfræðiverkefnum

Næstkomandi miðvikudag, þann 18. apríl klukkan 14:00, ætlum við að halda árshátíðina okkar hér í leikskólanum. En þar munum við koma til með að sýna skemmtiatriði sem tengjast ævintýraþemanu okkar. Einnig munum við koma til með að sýna ýmiskonar myndverk eftir okkur sjálf. Jæja nóg frá okkur í bili. Kær kveðja börn og starfsfólk í Stórholti.

Grænna land ehf.

**Tek að mér að gera jarðarfararkransa.
Borðar og allt efni úr sveitinni.
Myndir og önnur sýnishorn eru á
Facebook síðunni okkar.**

Grænna land ehf



*Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is*



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Árshátíðin

Föstudaginn 16. mars var árshátíð Þjórsárskóla. Dagurinn gekk vel og allir stóðu sig prýðilega. Um morguninn kom rúta með nemendum úr Flúðaskóla á loka æfinguna okkar. Um kvöldið var svo frumsýningin. Yngstu nemendur skólans í 1.-2. bekk léku leikrit um Búkollu, nemendur í 3.-4. bekk léku söguna um Dansinn í Hruna. Nemendur í 5.-7. bekk léku leikritin: Allt var betra í gamla daga, Ýsa var það heillin, Gilitrutt, Gissur á Botnum, Sálin hans Jóns míns, Átján barna faðir í Álfheimum og Álagahvammurinn. Að auki tóku allir nemendur þátt í: söng á milli atriða, hönnun búninga, leikmunagerð, sviðsmynd og mála myndir úr sögunum sem prýddu salinn. Efnilegir krakkar hér á ferð. Fullt af skemmtilegum myndum má sjá á heimasíðunni okkar



Búkolla er mögnuð
kýr.

Hér er dansað í
Hruna.



Lifandi ungar.

Valgerður á Húsatóftum kom til okkar síðustu dagana fyrir páskafrí með útungunarvélina sína og leyfði okkur að fylgjast með þegar ungar klöktust úr eggjunum, nemendum og fullorðnum til mikillar ánægju og þökkum við henni innilega fyrir.

Páskaeggja leikur



Föstudaginn fyrir páskafrí fórum við í páskaleik á skólalóðinni. Búið var að fela spjöld með nöfnum allra nemenda og starfsfólks út um víðan völl. Hófst síðan mikil leit. Þegar búið var að finna spjaldið með nafninu sínu, var því skilað og allir fengu lítið páskaegg.

**Nú er allt komið á
fullt aftur eftir
páskafrí.**

Bestu kveðjur úr
skólanum.
Bolette og Kristín.



Aprílviðburður Upplits fjallar um keltnesk menningaráhrif á Íslandi
að fornu og nýju - og einkum og sér í lagi á Suðurlandi. Þorvaldur Friðriksson fornleifafræðingur og fréttamaður skoðar málið út frá fornleifum, tungumáli og örnefnum, en í ljós hefur komið að útskýra má mörg tor-skýrð örnefni á Íslandi með því að líta til hins keltneska menningararfs. Fyrirlesturinn verður á Hótel Heklu á Skeiðum föstudagskvöldið 20. apríl kl. 20.00.



**Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá
Margréti Steinþórsdóttur í Háholti,
sími 486-6017.**



Á rölti um sveitina mína.

Ræktunarstarf, hrossarækt og félagsproski

Eins og flestir kaupstaðarstrákar „í den“ var ég í sveit á sumrin, alls ellefu sumur, m. a. í Steinsholti.

Haustið 1961 fór ég í fyrsta skipti til fjalls undir stjórn Jóhanns fjallkóns á Hamarsheiði og átti eftir að endurtaka það í allmörg ár, stundum bæði í fjallsafn og eftirsafn sama haustið.

Þá strax vakti það athygli mína, hvað fjallmenn voru almennt vel ríðandi, bæði á stæltum og dugmiklum hestum. Flestir hestanna voru komnir út af Skugga frá Bjarnanesi.

Gnúpverjar voru ótrúlega framsýnir og framsæknir er þeir stofnuðu hrossaræktarfélag 1913, fyrir nær 100 árum.

Þar var lengi í fylkingarbrjósti Einar Gestsson á Hæli.

Hann hafði forgöngu um kaup á

Skugga frá Bjarnanesi í Austur-Skaftafellssýslu haustið 1940, þá þriggja vetra gamall foli.

Skuggi var fæddur 1937, nr. 201 í ættbók, kominn af frægum hornfirskum ættum, m. a. frá Árnanesi. Steinþór bróðir Einars tamdi Skugga.

Skuggi stóð efstur stóðhesta á veglegri landbúnaðarsýningu 1947

í Reykjavík og fékk heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á hrossasýningu á Sandlæk 1948.

Tólf árum áður en Skuggi kom að austan hafði hrossaræktarfélagið eignast annan stólpagrip, Nasa frá Skarði nr. 88 í ættbók. Hann var fæddur 1918, annálaður kynbótagripur, sem alltaf hlaut fyrstu verðlaun á sýningum.

Þessir stofnar blönduðust vel saman, friðleiki og táp Nasa, skörungsskapur og dugnaður Skugga. Á þessum árum var að finna á flestum bæjum í sveitinni einn eða fleiri gæðinga.



Skuggi 201, frá Bjarnanesi. Merkasti stóðhestur Hornafjarðarstofnsins.

Gæðingakeppni

Fyrsta formlega gæðingakeppni á Íslandi, sem sögur fara af, var háð við Sandlækjarós í ágúst 1944. Dómnefndina skipuðu þrír valinkunnir hestamenn, sem sýnir að vandað var til verka.

Það voru þeir Gunnar Bjarnason hrossaræktarráðunautur, Ásgeir Jónsson frá Gottorp í Húnavatnssýslu, höfundur bókanna Horfnir góðhestar, sem fágætar eru í dag, og Björn Gunnlaugsson formaður Fáks, elsta og fjölmennasta hestamannafélags landsins og mikill Hreppavinur.

Verðlaunagripurinn, silfurbúinn svipa, skyldi veitt þeim hesti, sem mestum gæðingakostum teldist vera búinn.

Þennan eftirsóttta verðlaunagrip hlaut Gulltoppur frá Eystra – Geldingaholti, eigandi Jón Ólafsson bóndi þar.

Gulltoppur var undan heimahryssunni Fjöður og Nasa frá Skarði, en í Eystra – Geldingaholti var þá rómað hestakyn.

Alls vann Gulltoppur Hreppasvipuna sex sinnum. Það var oftast en nokkur annar hestur hefur gert. Svipan silfurbúna var gefin að frumkvæði Eiríks Einarssonar frá Hæli, bankastjóra á Selfossi og alþingismanns, en gefendur voru fjölmargir.



Hreppasvipan fagurðæa.

Tamningastöð

Hestamannafélagið Smári, sem stofnað var 1945, hóf rekstur tamningastöðvar vorið 1949 með meginaðsetur í Skáldabúðum og Hólaskógi. Þessi þáttur í hestamennsku var alger nýlunda hér á landi og brautryðjandastarf. Til starfans völdust þrír kunnir heimamenn, Sigurgeir í Skáldabúðum, Björgvin í Laxárdal og Þorgeir á Hrafnkelsstöðum, allir þrautreyndir hestamenn.



Afrekshesturinn Gulltoppur og eigandinn, Jón Ólafsson í Eystra-Geldingaholti.

Framhald á næstu síðu.

Félagsþroski

Aftur til fjallferðanna. Það vakti líka athygli mína, þegar spjallað var saman í gangnamannakofunum á kvöldin, hinn öflugi félagsþroski sem var ríkjandi í sveitinni okkar.

Hestamannafélagið Smári, sem hefur að baklandi Hreppana og Skeiðin, var stofnað 1. mars 1945, en heildarsamtök hestamanna voru stofnuð í Reykjavík í desember 1949. Í þeim frumherjahópi var Smári. Steinþór á Hæli, fyrsti formaður Smára, var kosinn meðstjórnandi í nýju landsam-



bandsstjórnina og verður formaður Landssambands hestamanna tveimur árum síðar. Því starfi gegndi hann svo allar götur til ársins 1963. Og enn átti

Steinþór eftir að varða veginn.

Árið 1987 kemur út bókin

Í morgunljómann, saga Landssambands hestamanna í 35 ár, en Steinþóri var falið að ritstýra henni.

Afmælisritið er mjög vönduð fróðleiksbók.

Steinþór á leið í eftirsafn haustið 1983, sjötugur. Hann situr Stjarna f. 1972 undan Geisla frá Sandlækjarkoti og Svölu frá Hæli, sem bæði eru komin út af Nasa frá Skarði.

Hesturinn í daglegu lífi fólks

Þá er enn eitt einkenni í hestamennsku þessarar sveitar ótalið. Það er fylgd og leiðsögn um fjöll og afrétti á sumrum á hestum. Þetta var umfangsmikill þáttur alla síðustu öld.

Fjölmarginir koma þar við sögu þeirra á meðal Ólafur á Skriðufelli, Valli í Skaftholti, Jóhann á Hamarsheiði, Ágúst í Ásum, Geiri í Skáldabúðum, Loftur í Steinsholti, Árni í Þjórsárholti, Aðalsteinn frá Hæli, Sigrún og Hjalti í Fossnesi, Hrafnhildur og Siggi Palli á Ásólfstöðum og Lilja, Gunnar og Kari í Steinsholti.

Reiðskóli er fremur ungt nafn í íslenskri hestamennsku. Þar er nafn Ros-Rosemarie í Vestra – Geldingaholti stórt og hún margheiðruð. Hún var áður í sveit á Skriðufelli sem stelpa.

Rosemarie nam „hestafræði“ í Þýskalandi, kom heim og kenndi víða, áður en hún settist að í sveitinni okkar ásamt manni sínum Sigfúsi Guðmundssyni, þekktum hestamanni.

Flestir sem komnir eru til vits og ára muna eftir reiðmúlnum, sem kenndur er við hana. „Rosemariemúllinn“, sem sló svo sannarlega í gegn.

Rosemarie hefur lengi staðið í stafni í skipulögðu æskulýðsstarfi hestamannafélaga, leiðbeint þar og stjórnað.

Af framansögðu má glöggt sjá og skynja, að framtak og atgervi fólksins í hreppnum hefur lengi verið mikið.

Kristján Guðmundsson,
Ásólsstöðum

REIÐSKÓLINN GELDINGAHOLTI auglýsir.

Námskeið í sumar fyrir börn og unglinga
eru sem hér segir.

No.1. mánudag	11. júní til föstudags	15. júní
no. 2. -----	18. júní til -----	22. júní
no. 3. -----	9. júlí til -----	13. júlí

Nánari upplýsingar í
síma 486-6055 og 861-7013
ROSEMARIE



LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

29. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þriðjudaginn 10.04.2012 í Árnosi kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinnsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera. Gunnar oddviti fór lauslega yfir þau mál sem eru á dagskrá. Benti hann á að fundarboð hefði tekið breytingum frá því að hún var send út. Oddviti sagði frá að ekki yrði fjallað um ársreikning 2011 á þessum fundi eins og til stóð. Aukafundur verði 24 apríl n.k.

1. Fundargerð Umhverfisstofndar haldinn 19.03.2012. Að undarförnu hefur verið farið á milli bæja og brúna tunnan kynt og aðrar lausnir á lífrænum úrgangi. Farið hefur verið yfir flokkunarmál á sorpi og eru íbúar mjög jákvæðir fyrir þessum málum. Fundargerð samþykkt.
2. Fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2012, haldinn 02.04.2012. Jón Vilmundarson sagði frá skólaþingi sem er í undirbúningi. Það verður samstarf milli Þjórsár og Flúðaskóla. Þingið verður haldið á Flúðum 17 apríl 2012 og verður það opið öllum. Rætt var um að hvetja fólk til að mæta vel. Fundargerð samþykkt.
3. Drög að fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna. Samþykkt hafði verið á Héraðsfundi að endurskoða fjallskilasamþykkt frá 1996. Oddviti benti á að skilaréttardagur muni færast á laugardaga. Oddviti benti á að mikilvægt væri að fjallmenn á hverjum stað væru tryggðir. Meðal þess sem fram kemur í endurskoðun fjallskilasamþykktar er breyting á gjald-daga fjallskila. Drögin voru samþykkt samhljóða.
4. Erindi frá Veiðifélagi Þjórsár. Beiðni um styrk til vinnslu arðskrár félagsins. Kostnaður við gerð arðskrár er áætlaður 3.000.000. Óskað er eftir 150.000 kr styrk til sveitarfélagsins. Oddur Bjarnason sveitarstjórnarmaður situr í stjórn Veiðifélagsins og útskýrði hann málavexti. Öllum svæðum þar sem veiði er til staðar ber að gera arðskrá samkvæmt lögum. Svæðið telur 142 km. Oddur vék af fundi. Málinu hafnað á þeim forsendum að það sé ekki á forræði sveitarfélagsins að afgreiða mál sem þetta. Fellt með þremur atkvæðum. Skafti Bjarnason sat hjá.
5. 45. fundur Skipulags og byggingarnefndar Uppsveita Árnessýslu. Haldinn 22.03.2012. Fjallað var sérstaklega um málsnr. 2012203923701: Minkabú að Ásum. Fram höfðu komið athugasemdir við lýsingu á deiliskipulagi sem unnið er að.

Sveitarstjórn samþykkir samt sem áður að ábúendur Ása haldi áfram að vinna að deiliskipulagi áður nefnds minkabús.

Fundargerð samþykkt að öðru leyti.

6. Erindi frá nefnd á vegum lðnaðarráðuneytis. Beiðni um ábendingar varðandi mótun stefnu um raflínur í jörð. Lagt fram til kynningar.
Tillaga til þingsályktunar frá Velferðarnefnd alþingis um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
7. Minnisblað varðaði ráðstöfun framlags til landnámsbæjar að Stöng.
Lagt fram til kynningar.
8. Umfjöllun Búnaðarþings um tvöfalda búsetu þjóðfélagsþegna.
Sveitarstjórn tekur undir ályktun Búnaðarþings 2012.
9. Drög að samningum til lausnar ágreinings á sumarbústaðalöndum að Flötum. Drögin Samningarnir eru tveir og er annar milli Sveitarfélagsins og Signýjar Steinunnar Hauksdóttur kt.140845-3889 um Lóð 6. landnr. 209172 og hins vegna milli sveitarfélagsins og Sigmundar Magnússonar kt. 221227-7869 um lóð 5. landnr. 16679.
Sveitarstjórn samþykkir uppkast að samningum.
- 10.Farið yfir stöðu í ljósleiðaramálum.
Oddviti sagði frá að samningar um verkefnið og lagnaleiðir væru langt komnir. Mikill áhugi er fyrir því meðal íbúa hreppsins. Sett verði upp rekstrarform fyrir verkefnið. Mun Guðmundur Danielsson verða til ráðgjafar við verkefnið. Hafinn er undirbúningur að útboði verkefnisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leitað verði til Verkfræðistofu Suðurlands með vinnslu útboðsgagna. Málið verður endanlega afgreitt á næsta sveitarstjórnarfund.
- 11.Vinna og kostnaður við gerð skipulags í Þjórsárdal.
Oddviti kynnti drög að rammaáætlun um skipulag í Þjórsárdal. Hún er unnin af Gísli Gíslasyni landslagsarkitekt. Umræða var um umfang verkefnisins og hver yrði ávinningur af því. Samþykkt að fresta máli til næsta fundar og óskað eftir að Gísli mæti til fundarins í þeim tilgangi að kynna verkefnið betur.
12. Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 sem varðar athafnasvæði Landsvirkjunar milli Búrfellsvirkjunar og Sultartanga. Lýsing skipulagsverkefnis var samþykkt í sveitarstjórn á fundi 6. mars 2012 og í kjölfarið var hún send til umsagnar Skipulagsstofnunar, Rangárþings ytra, Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Landgræðslunnar auk þess sem hún var kynnt með auglýsingu sem birtist í Dagskránni og Fréttablaðinu 15. mars sl.

Engar athugasemdir/ábendingar hafa borist og ekki hafa borist umsagnir frá ofangreindum umsagnaraðilum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi tillögu og felur skipulagsfulltrúa að kynna hana skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga með fyrirvara um lagfæringar vegna ábendinga í umsögnum.

14. Úrskurður í kærumáli Bente Hansen Gunnskólakennara á hendur sveitarfélaginu. Kynnt var niðurstaða úrskurðarnefndar kærumála. Hún hljóðar upp á að sveitarfélagið hafi staðið rétt að málum og er það sýknað af öllum kröfum Bente.
15. Ráðningarsamningur sveitarstjóra. Framhald frá síðasta sveitarstjórnarfundinum nr. 28. Samningurinn er samþykktur. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að sveitarstjóri hafi prókúru fyrir hönd sveitarfélagsins. Oddvita falið að ganga frá ráðningarsamningi. Önnur mál löglega framborin.

Mál til kynningar

- A. Fundargerð 795. Fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Haldinn 16.03.2012.
- B. Skýrsla nefndar á vegum Innanríkisráðuneyti um eflingu sveitarstjórnar stigs.
- C. Erindi frá SASS varðandi afslátt til námsmanna vegna almennings-samgangna og sölu farmiða.
- D. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. Haldinn 06.03.2012
- E. Fundargerð 454. Fundar stjórnar SASS. Haldinn 09.03.2012
- F. Leigumál Nónsteins ehf. Leigugjald, leigutími og leigugjald. Undirbúningur samnings.
- G. Afgreiðsla byggingarfulltrúa fundur nr. 78. Haldinn 07.03.2012.
- H. Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn 24. apríl.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 16:45

Ert þú vinur?

Happadrætti

S.Í.B.S

Sigrún


Sími 486-6079

895-8079

fossnes@uppsveitir.is

Fótbolti! Fótbolti! Fótbolti! Fótbolti!

Fótboltaæfingar á mánudögum
kl 20:30 á sparkvellinum í Árnesi.
Nánari upplýsingar hjá Hjörvari,
Hlemmiskeiði, s. 856-1156





Landnámsdagur 9. júní 2012. í Skeiða- og Gnúpverjahreppi



Takið daginn frá!

Ágætu nærsveitungar

Nú er búið að dagsetja fjölskyldu- og menningarhátíðina **Fjör í Flóa** og verður hún haldin helgina **1.-3. júní**. Viljum við minna á að hægt er að vera með ýmiskonar handverk til sýnis og sölu þessa daga. Þeir sem áhuga hafa fyrir því að vera með sýningar eða sölubása eru beðnir um að hafa samband fyrir 15. apríl eftirtalda aðila:

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir - Sími: 899-9684 Póstur : vatnsholt1@isl.is
Anný Ingimarsdóttir - Sími: 861-8368 Póstur: anny@isart.is
Ingibjörg Einarsdóttir - Sími: 691-7082 Póstur: langsstadir@simnet.is

VERSLUNIN ÁRBORG

Kæru sveitungar og ferðamenn. — Alla daga, allan daginn!
Rúnnstykki, Crossant, brauð og vínarbrauð



Þjóðum upp á nokkrar tegundir af rúnnstykki, baguette og vínarbrauðum, ásamt crossant m/skinku og osti, einnig heilsuþbrauð og tómatabrauð. Getum líka bakað með stuttum fyrirvara (20 mín) öll brauð eftir pöntun.

Verslunin Árborg. s : 486 6006

Ullargámur verður staðsettur á Smiðjustíg 10 Flúðum,
við skemmu Flúðaleiðar, frá 10. apríl til 30. apríl 2012. Hægt er að nálgast
tóma ullarbala á sama stað. Flúðaleið flutningar ehf S:892-2370/486-1070

**Óskum eftir að ráða starfsfólk í sumar.
Vinnutími eftir samkomulagi.
Verslunin Árborg s:486-6006**



Frá Búnaðarfélagi Gnúpverja 2012



Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún.

Sími: **848-1619**

Gjaldskrá 2012.

Haugsuga 11,5 T	10.000 kr pr. dag
Haugsuga 13,5 T	12.000 kr pr. dag
Skádæla	7.000 kr pr. dag
Brunndæla	7.000 kr, pr. dag
Rafmagns flórhæra	7.000 kr pr. dag
Pinnatætarí	4.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Nýtt Hnífatætarí	4.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Diskaherfi 4,5 m Gæti selst!	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Flaghefill	2.000 kr/klst. Lágmarksgjald 3.000 kr.
Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunarborði	4.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Fjaðraherfi	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Hagasláttuvél	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 1.500 kr/klst.
Steypuvél Ný vél	100 kr/poka, startgjald 3.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	6.000 kr/dag.
Tveggjahesta kerra	4.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 6.000 kr/dag
Fjölnotakerra (Ný kerra) (tveimur fetum lengri en sú gamla)	5.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 7.000 kr/dag

Gjaldskráin gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er **15.000 kr.**

Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka !!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Ath. Þegar tækjum er skilað er gott að senda Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum.

Sumarkveðja.

Búnaðarfélag Gnúpverja

Bak við eldavélina!

Ég á rosalega erfitt með að fara eftir uppskriftum og þarf altaf að finna mér eitthvað til að breyta og bæta ☺

En hér er uppskrift af humarpizzu sem er mitt uppáhald!

Humarpizza

1 stk pizzabotn (ég hef prófað að sleppa geri og nota lyftiduft, og nota heilhveiti og hveiti til helminga)

Slatti af hvítlauk

1 dl olía

500- 1000 gr Skelhreinsaður humar eftir smekk

Ostur

Setja hvítlaukinn í hvítlaukspressu og setja saman við olíuna..

Dreifa þessu svo vel yfir pizza-botninn (mér finnst gott að hafa mikinn hvítlauk) restina af olíunni set ég svo á pönnu og steiki humarinn upp úr því, má krydda eftir smekk t.d aromat.

Humrinum dreift yfir botninn og ostur settur yfir og bakað í ofni 180-200 gráður í 15-20 mín. Þetta er svona grunn uppskrift af humarpizzu en mér finnst gott að setja ananas, papriku og piparost ofan á og svo er alveg nauðsynlegt að bera fram með þessu salat og sinnepssósu

Sinnepssósa

Ég nota gríska jógúrt og stundum smá sýrðan rjóma í staðin fyrir majones.

Sætt sinnep.

Agave sýróp, sykur bara smá eða hunang.

Öllu hrært vel saman

Svo er það eftirréttur sem er mjög fljótlegur og gott að gera nokkrum tímum áður en á að bera hann fram.

Tobleronefrauð

300 gr Toblerone

6 msk sjóðandi vatn

1 ½ dós sýrður rjómi

1 dl rjómi

2 eggjahvítur

6 msk af vatni helt yfir tobleronið og það brætt yfir vatnsbaði.

Stíflpeyta eggjahvíturnar.

Peypa rjómann.


Mér finnst gott að hræra sýrða rjómann svolítið áður en að þessu er svo öllu hrært vel saman.

Gott að setja í litlar skálar eða eina stóra. Setja í kæli í nokkrar klst. og borið fram með rjóma og jarðaberjum.

Ég þakka Grétu fyrir áskorunina og lítill fugl hvíslaði að mér að Hildur Lilja í

Bugðugerði væri snilldar kokkur. Skora á hana

Kær kveðja Sigurlaug.



Aðalfundur UMFG



var haldinn í Árnesi 20 mars sl. Breyting varð á stjórn félagsins en Daði Viðar Loftsson hætti. Í hans stað kemur

Ingvar Þrándarson.

Stjórn UMFG er þannig skipuð:

Einar Gestsson, formaður, Ingvar Þrándarson, gjaldkeri

Petrína Þórunn, Jónsdóttir ritari

Félagið hefur verið með sameiginlegar æfingar yfir vetrarmánuðina með UMF Skeið. Þessar æfingar hafa mælst vel fyrir og vel mætt á þær. Leiknefnd UMFG þau Sigrún í Fossnesi, Eypór í Árnesi, og Þóra í Haga skiluðu góðu verki. Þau báru þungann af uppsetningu

leikritsins Gaukur á Stöng. Sú sýning var hin glæsilegasta. Á aðalfundinum voru afhentir farandbikarar til þeirra sem hafa staðið sig vel á árinu. Margrét Hrund Arnarsdóttir hlaut bikarinn fyrir góðan árangur í körfubolta en hún var m.a.valin í unglingalandsliðið. Sigurður Kristmundsson hlaut bikarinn fyrir góðan árangur með fótboltaliði félagsins auk þess sem hann hefur æft og spilað með 2. flokki Fjölnis í vetur. Vonandi tekst okkur að hafa einhverja dagskrá fyrir krakka í sumar.



Margrét Hrund með farandbikar sinn og Kristinn Högnason tók við bikarnum fyrir Sigurð Kristmundsson.

Ef einhverjar óskir eru um æfingar má hringja í Einar í síma 860-9682 eða senda póst á einargestsson@gmail.com

Við þökkum Daða fyrir vel unnin störf á vegum félagsins.

Sumarkveðjur, Einar Gestsson, formaður



Kertasmiðjan í Brautarholti
Hermann og Ragnhildur í síma
663 4666 og 893 3999 — 486 5518
www.kertasmidjan.is



Skeiðalaug opin 1. maí kl. 17:00 —21:00!

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir -

Litun og plökkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



Heilsugæslan í Laugarási sími 480–5300

Símatímar lækna alla virka daga

kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Minnum aftur á Áhaldahúsið !

Símar: Ari 983-4426

Jói 864-6904

Netföng: ari@skeidgnup.is
joi@skeidgnup.is



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadag-
skrá á www.upplit.is allir velkomnir!



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími:
486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR

GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR

OG ALLT ÞAR Á MILLI.

ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR

SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA

11-14 LAUGARDAGA.

VERIÐ VELKOMIN – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM Sími: 486-1866

Varpkögglar

Erum komin með
hágæða varpköggla á
góðu verði.



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
Sími 480 5600

**Opnun sundlauga í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2012**
Neslaug s: 486-6117 Skeiðalaug s: 486 5500



Skeiðalaug opin



Priðjudaga: 17 — 21

Fimmtudaga: 17 — 21

Skeiðalaug opin á sumardaginn fyrsta!

Neslaug opin

laugardaga kl. 13:00 - 17:00

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem
eiga lögheimili í sveitarfélaginu.**

Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.

Vörur tengdar sundi til sölu.



Eypór Brynjólfsson.



**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Opið fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Alltaf hægt að skila bókum um lúguna!

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505

